

 TÓNLISTARSKÓLI
ÁRNESINGA
1955—2025

70
ára

Færeyjaferð blokkflautusveita mars 2025



Æfing í Varpinu, menningarhúsi Klakksvíkinga

• *Gerum góðan skóla betri* •

Október 2025

Efnisyfirlit

Ársskýrsla Tónlistarskóla Árneseinga október 2025	5
Inngangur	5
Veturinn 2024 – 2025	6
Tónleikahald 2024 – 2025	6
Hljóðfærakynningar í grunnskólum 2024 - 2025.....	7
Próf veturinn 2024 – 2025.....	7
Veturinn 2025 – 2026	7
Skóladagatal, kennsluskylda og skólagjöld	7
Skipurit fyrir Tónlistarskóla Árneseinga bs. 2025 – 2026	8
Fjöldi nemenda 2025 – 2026 / biðlistinn.....	8
Kennarar 2025 – 2026.....	9
Endur- og símenntun kennara.....	9
Kennslustaðir 2025 – 2026 og aðbúnaður.....	10
Tónleikahald og aðrir viðburðir veturinn 2025 – 2026.....	10
Tónlistarflutningur á hjúkrunarheimilum.....	11
Hljóðfærakynningar í grunnskólum.....	11
Áætlun 2026	11
Skýrslur deildastjóra maí 2025	12
Blásaradeild	12
Blokkflautudeild	13
Forskóladeild	14
Gítardeild.....	15
Píanódeild.....	16
Rytmísk deild.....	17
Strengjadeild.....	18
Suzukideild.....	19
Söngdeild.....	21
Tónfræðadeild.....	22
Fylgiskjal A - Skóladagatal.....	23
Fylgiskjal B – Hljóðfærakynningar í 2. bekk	24
Fylgiskjal C – Stigspróf	25
Fylgiskjal D – Fjöldi kenndra klst.	26
Fylgiskjal E – Nemendafjöldi	27

Fylgiskjal F – Fjöldi nemenda eftir hljóðfærahópum.....	28
Fylgiskjal G – Hlutfall nemenda í hverjum námsáfangi	29
Fylgiskjal H - Hlutfall nemenda eftir kyni.....	30
Fylgiskjal I – Aldursskipting nemenda	31
Fylgiskjal J – Hlutfall nemenda í heilu og hálfu námi.....	32
Fylgiskjal K – Nemendafjöldi til Jöfnunarsjóðs.....	33
Fylgiskjal L – Hlutfall nemenda í tónlistarnámi	34
Fylgiskjal M - Kennaralisti	35
Fylgiskjal N - Kynjahlutfall kennara	36
Fylgiskjal O - Starfshlutfall kennara eftir kyni	37
Fylgiskjal P – Skólagjöld	38
Fylgiskjal Q – Fjöldi nemenda og klst.	39
Fylgiskjal R – Áætlun 2026	40
Fylgiskjal S – Kostnaðarskipting sveitarfélaga 2026	43

Ársskýrsla Tónlistarskóla Árnesinga október 2025

Inngangur

Tónlistarskóli Árnesinga var stofnaður 25. október 1955 að frumkvæði sr. Sigurðar Pálssonar fyrrum vígslubiskups og af Rótarýklúbbi Selfoss. Guðmundur Gilsson organisti við Selfosskirkju var ráðinn skólastjóri og stýrði hann skólanum fyrstu starfsárin. Við fögnum því 70 ára afmæli í vetur.

Á þessum sjötíu árum hefur skólinn vaxið og dafnað. Nemendur voru rúmlega 50 fyrsta árið á Selfossi, en í dag eru þeir tífalt fleiri og skólinn starfar í öllum sveitarfélögum Árnessýslu.

Til að fagna afmælinu, verða haldnir hátíðartónleikar í íþróttahúsinu á Laugarvatni, laugardaginn 15. nóvember kl. 14:00. Þar eiga allar hljóðfæra- og söngdeildir skólans fulltrúa auk þess sem leikskólabörnum úr Uppsveitum og Flóa hefur verið boðin þátttaka. Verða flytjendur líklega um 150 talsins. Í verkefnavali er horft til tónskálda, útsetjara og hljómsveita úr Árnessýslu, auk þess sem tónbókmenntir hljóðfæranna fá að njóta sín. Við hlökkum til að taka á móti gestum okkar og vonumst til að sjá sem flesta.

Á nýafstöðnu STS-þingi tónlistarskólastjóra var farið yfir *Úttekt á starfsemi tónlistarskóla á Íslandi*, sem ARCUR vann fyrir mennta- og barnamálaráðuneyti 2024. Það er ánægjulegt að segja frá því að niðurstöður úttektarinnar voru mjög jákvæðar varðandi starfsemi skólanna - og gæði náms almennt mikil. Ýmislegt í ytra umhverfi hefur hins vegar verið brotkennt, s.s. eftirlit með starfsemi skólanna (síðasta skýrsla var gerð árið 2009), endurskoðun námsskráa hefur dregist úr hömlu og ný lög um tónlistarskóla líka. Þá er nýliðun kennara vaxandi áhyggjuefni eins og ég kom inná í ársskýrslu sl. haust.

Við finnum oft þá velvild sem ríkir í garð Tónlistarskóla Árnesinga og erum mjög þakklát fyrir það. Í desember 2024 fékk skólann 100.000 kr. styrk frá Félagi eldri borgara á Selfossi upp í sambalkaup. Semballinn hefur mikið verið notaður frá því hann kom í skólann og skiptir tilkoma hans máli fyrir söng- og blokkflautunemendur vegna flutnings á barokktónlist. Í júní sl. fékk skólinn svo 300.000 kr. styrk frá Rótarý á Selfossi til kaupa á gagnvirkum skjá til tónfræðikennslu á Selfossi. Þá hefur skólinn fengið píanó að gjöf sem er mikil búbót.

Það er ekki minna virði að finna hvað sveitarstjórnarfólk er hliðholtt skólanum og skilningur mikill á mikilvægi tónlistariðkunar. Má nefna að Flóahreppur kom myndarlega að fjölgun nemenda í sveitarfélaginu í febrúar sl. og með því tókst að koma aftur á kennslu á skólatíma í Flóaskóla sem féll niður um skeið. - Og nú þegar umsóknum fjölgar á ný eftir covid-lægðina, eru sveitarfélögin tilbúin til að bæta við kennslutímum, sem er afskaplega ánægjulegt.

*Selfossi, 8. október 2025,
Helga Sighvatsdóttir, skólastjóri*

Veturinn 2024 – 2025

Tónleikahald 2024 – 2025

Nemendur komu fram á um 150 tónleikum og öðrum viðburðum á skólaárinu.

Nokkrir fiðlunemendur léku með [Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands](#) í Hörpu 29. september 2024.

[Deildatónleikar](#) nóvembermánaðar fóru allir fram í hátíðarsal Stekkjaskóla, þar sem fram komu um 170 nemendur alls, flestir í stórum sem smáum samspilshópum.

[Kórlögin hans Sigfúsar](#) var yfyrskrift minningartónleika um Sigfús Ólafsson fyrrum kennara skólans, sem haldnir voru 19. nóvember í Hveragerðiskirkju. Nemendur og kennarar skólans og Söngsveit Hveragerðis fluttu lög Sigfúsar í fjölbreyttum útsetningum Ásgeirs Sigurðssonar og Jóhanns I. Stefánssonar.

[Hausttónleikar](#) fóru fram með hefðbundnum hætti í nóvember, en á þessum tónleikum koma nemendur fram, hver hjá sínum kennara.

[Jólaball Suzukideildar](#) er alltaf mikil hátíð, þar sem allir Suzuki-hópar skólans (um 90 nemendur) leika jólalög og dansa í kringum jólatré. Gleði skein úr hverju andliti á jólaballinu í Sunnulækjarskóla þann 4. desember.

[Söngdeildartónleikar](#) fóru fram í Hveragerðiskirkju í desember, en þar mátti heyra jafnt unga söngfugla sem langt komna einsöngsnemendur syngja fyrir áheyrendur.

[Jólaspilamennska í desember](#) úti í samfélaginu er fastur punktur í starfsemi tónlistarskólans og voru fjölmargir viðburðir skráðir undir þennan hatt í ár.

[Jólaþveðja frá Tónlistarskóla Árnesinga 2024](#) var að þessu sinni flutt af sönghópi, blokkflautusveit og tveim trommuleikurum, við selló- og sembalundirleik kennara. Flutt var [Nú er glatt í döprum hjörtum](#) eftir W.A. Mozart, í útsetningu Jóhanns I. Stefánssonar.

Á [Hátíðarfundum Vísinda- og rannsóknarsjóðs Suðurlands](#) í Fjölbautaskóla Suðurlands í janúar, er hefð fyrir því að langt komnir nemendur frá Tónlistarskóla Árnesinga komi fram. Að þessu sinni sungu þrír söngnemendur, þær Karolina Konieczna, Auður Garðarsdóttir og Jónína Eirný Sigurðardóttir við undirleik Esterar Ólafsdóttur, lagið *O Salutaris* eftir Schubert.

Blokkflautusveitir Tónlistarskóla Árnesinga lögðu land undir fót og [heimsóttu blokkflautunemendur í Klakksvík í Færeyjum](#) dagana 7. – 10. mars 2025. Æfðu nemendur sameiginlega dagskrá fyrir tónleika sem haldnir voru í Varpinu, menningarhúsi Klakksvíkinga. Afskaplega vel heppnuð ferð, enda Færeyingar höfðingjar heim að sækja og nemendahópurinn til fyrirmyndar í alla staði.

[Mið- og framhaldsdeildartónleikarnir](#) voru haldnir dagana 19. og 20. mars 2025, í hátíðarsal Stekkjaskóla og í sal skólans við Eyraveg. Það er alltaf gaman að finna hve orkumikill þessi nemendahópur er, því geta, leikni og sjálfsöryggi skilar sér vel í flutningi verkefna sem oft á tíðum eru all krefjandi.

[Tónlistarflutningur úti í samfélaginu](#) er ekki aðeins bundinn við jólamánuðinn, því nemendur koma [víða fram](#) yfir veturinn. Má nefna þátttöku í messum og öðrum viðburðum og hljóðfæraleik og söng fyrir eldri borgara vítt og breitt í sýslunni.

["Burtu með fordóma"](#) var stórt og skemmtilegt verkefni sem Sinfóníuhljómsveit Suðurlands stóð fyrir og Tónlistarskóli Árnesinga tók þátt í. Um 100 nemendur og kennarar tónlistarskólans léku á tónleikunum, auk um 80 leikskólabarna úr Árborg. Tveikið Gunni og Felix sungu og sáu um kynningar, en stjórnandi var Guðmundur Óli Gunnarsson. Mikið ævintýri fyrir nemendur að fá að taka þátt í svona stóru verkefni. Á sviði voru alls um 220 manns og hátt í 700 áheyrendur í sal.

Af og til fáum við góða gesti í tónlistarskólann. 2. maí komu tveir ungir, [glæsilegir píanóleikarar](#) og héldu tónleika í litla salnum okkar. Þetta voru þeir Aristo Sham og Tom Borrow sem heimsóttu Ísland, en Nína Margrét Grímsdóttir hafði milligöngu um komu þeirra.

[Sönghópur Tónlistarskóla Árnesinga](#) tók þátt í tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sem haldnir voru 2. maí í íþróttahúsi FSu, lðu. Fjöldi kóra tók þátt í tónleikunum auk sönghóps skólans, en það voru: Jórúkorinn, Karlakór Hveragerðis, Kirkjukór Selfosskirkju, Sunnlenskar raddir, Söngsveit Hveragerðis og Kirkjukór Hveragerðis- og Kotstrandarsóknar. Hljómsveitarstjóri var Eva Ollikainen og einsöngvari Jóhann Kristinsson.

[Tveir nemendur luku framhaldsprófi](#) frá skólanum með glæsilegum framhaldsprófstónleikum, 12. og 13. maí 2025. Það voru þær *Karolina Konieczna* sem lauk framhaldsprófi í söng og *Sylvia Rossel* sem lauk framhaldsprófi á blokkflautu. Auk próftakanna komu fram samnemendur og kennarar og lituðu tónleikana skemmtilega með meðleik sínum.

[Barokktónleikar söngdeildar](#) voru haldnir í Selfosskirkju 15. maí. Var þar andi barokktímans endurvakinn með söng, sembal- og sellóleik.

[Smiðjuvikan](#) 4. – 8. maí var lífleg að vanda. Öll hefðbundin kennsla var stokkuð upp og nemendur mættu í alls konar tónlistarsmiðjur og námskeið í staðinn. Alls urðu smiðjurnar 44 talsins.

[Tónlistarskóla Árnesinga var slitið](#) vikuna 21. – 28. maí með níu tónleikum. Hefð er fyrir því að slíta skólanum á hverjum kennslustað fyrir sig og skólaslitavikan því sannkallaður uppskerutími.

Hljóðfærakynningar í grunnskólum 2024 - 2025

Hljóðfærakynningar í 2. bekk allra grunnskólanna 12 í Árnassýslu fóru fram með 60 hefðbundnum heimsóknum á vorönn 2025. Tónlistarkennararnir þakka nemendum og kennurum grunnskólanna fyrir hlýjar móttökur og allan áhugann.

(Fylgiskjal B – Hljóðfærakynningar í 2. bekk)

Próf veturinn 2024 – 2025

Veturinn 2024 – 2025 luku 130 nemendur stigs- eða áfangaprófum og Suzukiútskriftum. Þar af lauk 21 nemandi samræmdum áfangaprófum samkvæmt Aðalnámskrá tónlistarskóla. Tveir nemendur luku framhaldsprófi ásamt framhaldsprófs-tónleikum í vor, en það voru þær *Karolina Konieczna*, söngur og *Sylvia Rossel*, blokkflauta.

(Fylgiskjal C - Stigspróf).

Veturinn 2025 – 2026

Skóladagatal, kennsluskylda og skólagjöld

Skólaárið 2025 – 2026 hófst 20. ágúst með fimm starfsdögum kennara, en kennsla hófst 27. ágúst. Skólaárinu lýkur með skólaslitum 28. maí 2026 og þremur starfsdögum 29. maí – 2. júní 2026. Starfsdagar á kennslutímabilinu eru þrír. Haustfrí er tekið 23. - 28. október og vetrarfrí 23. - 27. febrúar, en þessi frí eru aðlöguð að skóladagatali stærstu grunnskóla sýslunnar og FSu. Fimm frídagar vegna styttingar vinnutíma tónlistarskólakennara, eru felldir að haust- og vetrarfríum. Kennsludagar eru 175 og kennsluskylda 20,57 klst./viku. Skólagjöld hækkuðu um 3,5% milli ára í samræmi við verðbólguþá Seðlabanka Íslands.

(Fylgiskjal A - Skóladagatal 2025 – 2026)

(Fylgiskjal P - Skólagjöld 2025 – 2026)

Skipurit fyrir Tónlistarskóla Árneseinga bs. 2025 – 2026

Aðildarfélög: Sveitarfélagið Árborg, Sveitarfélagið Ölfus, Hveragerðisbær, Grímsnes- og Grafningshreppur, Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Flóahreppur.

Stjórn Tónlistarsk. Árn. bs.: Kjartan Björnsson, formaður (Sveitarfélagið Árborg)
Erla Sif Markúsdóttir, varaformaður (Sveitarfélagið Ölfus)
Sveinn Ingi Sveinbjörnsson, ritari (Bláskógabyggð)

Skólastjóri: Helga Sighvatsdóttir
Aðstoðarskólastjóri: Jóhann I. Stefánsson
Skólaritari: Guðrún Helgadóttir

Deildarstjórar 2024-2026:

Gestur Áskelsson	Blásaradeild + Blokkflautudeild
Guðmundur Kristmundss.	Strengjadeild + Suzukideild
Margrét S. Stefánsdóttir	Píanódeild + Söngdeild
Vignir Ólafsson	Rytmísk deild + Gítardeild
Edit Anna Molnár	Tónfræðadeild + Forskóladeild

Deildarstjórar eru ráðnir til tveggja ára í senn.

Umsjónarmenn kennslustaða

- getur breyst milli ára, fá úthlutað úr launapotti vegna ábyrgðar.
- hlutverk þeirra er að vera tengiliður skólans við samfélagið á hverjum stað, halda utan um tónleikahald á svæðinu og fylgjast með öryggismálum vegna húsnæðis.

Umsjónamenn kennslustaða veturinn 2025-2026:

Flóaskóli	Timothy Andrew Knappett
Flúðir/Þjórarskóli	Magnea Gunnarsdóttir
Hveragerði	Guðmundur Kristmundsson
Reykholt	Björn Pálmi Pálmason
Stokkseyri/Eyrarbakki	Kristín Jóhanna Dudziak Glúmsdóttir
Þorlákshöfn	Gestur Áskelsson

Fjöldi nemenda 2025 – 2026 / biðlistinn

Í ár stunda 534 nemendur nám við skólann í einkatímum og hóptímum. Þar af eru 127 nýnemar. Um 270 nemendur í 2. bekk grunnskóla í Árnessýslu fá hljóðfærakynningar á vegum Tónlistarskólans.

Á biðlista 5. október, eru 50 nöfn sem skiptast þannig:

Árborg: 29 (4 x fiðla, 2 x rytmagítar, 19 x píanó, 1 x blokkfl., söngur, trommur, trompet)
Hveragerði: 14 (2 x blokkfl., 3 x gítar, 3 x píanó, 2 x saxófónn, 1 x fiðla, söngur, trommur, þverfl.)
Ölfus: 6 (3 x píanó, 1 x saxófónn, fiðla, trommur)
Skeiða- og Gnúpverjahreppur: 1 (píanó)
Grímsnes- og Grafningshreppur: 1 (píanó)
Bláskógabyggð: 1 (píanó)

Hluti þessara nemenda fær skólavist í vetur, en nýir bætast líka við listann.

Nánari upplýsingar um fjölda nemenda og fl. má sjá í meðfylgjandi fylgiskjöllum.

(Fylgiskjal D - Fjöldi kenndra klst.)

(Fylgiskjal E - Nemendafjöldi)

(Fylgiskjal F - Fjöldi nemenda eftir hljóðfærahópum)

(Fylgiskjal G - Hlutfall nemenda í hverjum námsáfangi)

(Fylgiskjal H - Hlutfall nemenda eftir kyni)

(Fylgiskjal I - Aldursskipting nemenda í einkatímum)

(Fylgiskjal J - Hlutfall nemenda í heilu og hálfu námi)

(Fylgiskjal K - Nemendafjöldi til Jöfnunarsjóðs)

(Fylgiskjal L - Hlutfall nemenda í tónlistarnámi)

(Fylgiskjal Q - Fjöldi nemenda og klukkustunda)

Kennarar 2025 – 2026

Kennarahópurinn er mjög stöðugur og byggir á reynsluríku og vel menntuðu fólki. Tveir kennarar fara í fæðingarorlof í vetur, en afleysingar leysast innan skólans. Tveir ungir kennarar komu til starfa sl. vetur og í haust, sem er mjög gleðilegt.

Í vetur starfa 39 kennarar við skólann í um 26,65 stöðugildum.

(Fylgiskjal M - Kennaralisti)

(Fylgiskjal N - Kynjahlutfall kennara)

(Fylgiskjal O - Starfshlutfall kennara eftir kyni)

Endur- og símenntun kennara

Suzukikennarar eru margir í Suzukikennaranámi. Einn kennari er að ljúka B.Mus prófi í kirkjutónlist í vor.

Námskeið og fyrirlestrar fyrir kennara eru fastir liðir á starfsdögum. Fáum við ýmist utanaðkomandi fyrirlesara, eða nýtum mannauð skólans, enda hefur skólinn á að skipa mjög öflugum og vel menntuðum kennarahópi.

Á starfsdegi 6. janúar 2025 hélt *Sveinn Waage* námskeið fyrir kennara sem bar heitið: *Húmor virkar í alvöru!* Þar fór Sveinn yfir mátt hómors og hvernig hann getur nýst í erfiðum aðstæðum ef vel er með farið.

Þeir kennarar lögðu til efni á þessum starfsdegi. *Kolbrún Berglind Grétarsdóttir* kynnti hluta úr meistaranámi sínu við LHÍ sem hún lauk sl. vetur, um *Valþátt í grunn- og miðnámi*. *Guðmundur Pálsson* kynnti kennslubók sem hann hefur unnið fyrir byrjendur í fiðluleik sem heitir: *Fiðla 103, Kennslubók í grunntækni fiðluleiks og nótnalestri* og *Stefán I. Þórhallsson* kynnti námsbækur sínar: *Grunnnám í trommusettsleik* og *Miðnám í trommusettsleik*.

Á starfsdegi 5. mars 2025 var haldið *prófdómaranámskeiði* í umsjá *Jóhanns I. Stefánssonar* aðstoðarskólastjóra TÁ. Á námskeiðið mættu einnig kennarar úr Tónlistarskóla Rangæinga.

Á starfsdegi 26. maí 2025 kynnti *Sæbjörg Eva Hlynsdóttir* kennari við TÁ tónlistarverkefni fyrir 3 - 8 ára börn, sem nefnist *Tónakistan* og *Kolbrún Berglind Grétarsdóttir* sagði frá tilraunaverkefni sem hún hefur verið með í gangi, *Samspil fyrir píanónemendur í hefðbundnu námi*.

Á starfsdögum í ágúst 2025 héldu kennarar skólans þau *Guðmundur Kristmundsson* og *Kristín Jóhanna Dudziak Glúmsdóttir* erindi um bókina *Learn faster, perform better*. Umfjöllunarefni bókarinnar er hvernig finna þarf jafnvægi milli æfinga og hvíldar, svo árangur verði góður.

Helga Sighvatsdóttir skólastjóri leiddi loks hópinn í slökunaræfingar og umræður um svefn og hvíld.

Loks má nefna:

Haustþing STS (Samtaka tónlistarskólastjóra) 3. - 5. okt. 2025 á Húsavík þar sem fagleg málefni tónlistarskóla voru rædd, farið yfir niðurstöður úttektar á starfsemi tónlistarskóla á Íslandi (ARCUR f. Mennta- og barnamálaráðuneytið) og stjórnendanámskeið.

Haustþing tónlistarskólakennara af Suðurlandi og Suðurnesjum í Keflavík 10. október, þar sem hittast kennarar. Á dagskrá fyrirlestrar, námskeið og erindi er varða faglegt starf tónlistarskólanna, nýjungar í skólastarfinu, ný námsgögn o.fl.

Kennslustaðir 2025 – 2026 og aðbúnaður

Kennt er á öllum kennslustöðum 15 í vetur. Aðbúnaður er almennt góður.

Ný rúmgóð og vel staðsett kennslustofa var tekin í gagnið í Þjórásarskóla í haust.

Á Selfossi hafa hóptímar fengið inni í tveimur rýmum í Stekkjaskóla. Í Vallaskóla er kennt í Kotinu á meðan viðgerðir standa yfir í kjallara.

Kennslustaðir:

Árborg:

- Eyravegur 9, Selfossi
- Sunnulækjarskóli
- Stekkjaskóli
- Vallaskóli - Kotið
- Barnaskólinn á Stokkseyri
- Barnaskólinn á Eyrarbakka

Bláskógabyggð:

- Reykholtsskóli
- Bláskógaskóli Laugarvatni

Flóahreppur:

- Flóaskóli

Grímsnes- og Grafningshreppur:

- Kerhólsskóli

Hrunamannahreppur:

- Flúðaskóli

Hveragerði:

- Grunnskólinn í Hveragerði

Skeiða- og Gnúpverjahreppur:

- Þjórásarskóli
- Brautarholt

Ölfus:

- Grunnskólinn í Þorlákshöfn

Tónleikahald og aðrir viðburðir veturinn 2025 – 2026

Tónlistarskóli Árnesinga verður sjötugur 25. október 2025. Í tilefni af afmælinu efnir skólinn til hátíðartónleika í íþróttahúsinu að Laugarvatni, laugard. 15. nóvember. Undirbúningur er í fullum gangi og má búast við að hátt í 150 nemendur og kennarar verði á sviði, því allar hljóðfæra- og söngdeildir skólans taka þátt auk leikskólabarna úr Uppsveitum og Flóa. Er þetta fyrsti stórviðburður vetrarins, sem sjá má á listanum hér fyrir neðan.

- Afmælis-hátíðartónleikar Tónlistarskóla Árneseinga 15. nóvember kl. 14:00 í íþróttahúsinu Laugarvatni.
- Hausttónleikar skólans verða vikuna 24. - 29. nóvember.
- Árlegt jólaball Suzukideildar verður 3. desember í Sunnulækjarskóla.
- Í desember leika nemendur jólalög og aðra fallega tónlist úti í samfélaginu.
- Svæðis- og þematónleikar í tilefni af Degi tónlistarskólanna verða haldnir dagana 6. – 13. febrúar 2026.
- Miðdeildartónleikar, miðvikud. 18. mars 2026.
- Framhaldsdeildartónleikar, fimmtud. 19. mars 2026.
- Píanó-hringekjutónleikar, 16. apríl 2025 (samspilstónleikar píanónemenda).
- Nótan, uppskeruhátíð tónlistarskólanna verður 19. apríl 2026.
- Vortónleikar, 29. - 30. apríl og 11. – 13. maí 2026.
- Skólaslit, 21. – 28. maí 2026.

Aðgangur að tónleikum skólans er ókeypis og allir hjartanlega velkomnir.

Þema vetrarins er „*Dýrin okkar*“. Viðfangsefnið á eftir að lita verkefnaval vetrarins, þ.á.m. afmælistónleikana í nóvember.

Tónlistarflutningur á hjúkrunarheimilum

Öll hjúkrunarheimili í sýslunni verða heimsótt á haustönn. Deildarstjórar og kennarar skiptast á um að fara með nemendur og leika fyrir heimilisfólk.

Hljóðfærakynningar í grunnskólum

Hljóðfærakynningum tónlistarskólans innan grunnskólanna verður fram haldið á vorönn. Allar bekkjardeildir 2. bekkjar fá fimm heimsóknir þar sem verður bæði sungið, og leikið á hljóðfæri.

Áætlun 2026

Heildarframlög sveitarfélaga til Tónlistarskóla Árneseinga árið 2026 eru áætluð 439.948.895 kr. Áætlun miðast við leyfðan klukkustundafjölda hvers veitarfélags. Ekki er gert ráð fyrir viðbótum sem óskað hefur verið eftir frá Sveitarfélaginu Árborg og Hveragerði í þessari áætlun.

Forsendur áætlunar eru:

1. Rauntölum janúar - september 2025 og áætlun úr launaforriti fyrir veturinn 2025 - 2026.
2. Fjöldi kenndra klukkustunda í október 2025, 470,04 klst. + leyfður klst-fjöldi haust 2025, alls 497,52 klst.
3. Kjarasamningur KÍ/FT og FÍH við LS - gildistími 1.2.2025 – 31.3.2028

(Fylgiskjal R - Áætlun 2026)

(Fylgiskjal S - Kostnaðarskipting sveitarfélaga 2026)

Skýrslur deildastjóra maí 2025

Blásaradeild

Skýrsla maí 2025

Deildarstjóri: Gestur Áskelsson

Kennarar:

Eyjólfur Eyjólfsson
Gestur Áskelsson
Guido Baumer
Jóhann I. Stefánsson
Stefán I. Þórhallsson
Zbigniew Zuchowicz
Örlygur Benediktsson

Kennslugreinar:

Þverflauta
Klarínetta, saxófónn
Þverflauta
Trompet, básúna, túba
Slagverk
Trompet, básúna
Klarínetta, saxófónn

Hljómsveitir og samspil:

Selfoss	Blásarasveit AB	Kolbrún Berglind Grétarsdóttir
Selfoss	Blásarasveitir CD	Jóhann I. Stefánsson
Þorlákshöfn	Blásarasveit AB	Gestur Áskelsson
Þorlákshöfn	Blásarasveitir CD	Gestur Áskelsson

Tónleikahald deildar:

Blásaradeildartónleikar voru haldnir í Stekkjaskóla í nóvember.

Jólatónleikar á öllum svæðum í desember ásamt aðventustundum.

Fimmtudaginn 1. maí voru haldnir tónleikar með Sinfóníuhljómsveit Suðurlands í íþróttasal Vallaskóla og tók mikill fjöldi nemenda þátt. Yfirskrift tónleikanna var **Burtu með fordóma**.

Í lok apríl og byrjun maí voru haldnir **vortónleikar** um alla sýslu.

Blásarasveitir skólans á Selfossi og Þorlákshöfn héldu **sameiginlegan æfingadag** sem lauk með tónleikum 4. apríl.

Víkuna 12. til 16. maí var **smiðjuvika** og óhefðbundin kennsla. Sóttu nemendur hin ýmsu námskeið og voru þau almennt mjög vel sótt.

Veturinn endaði á **skólaslitum** á öllum starfsstöðvum með tilheyrandi tónlistarflutningi.

Tónleikaferðalög og heimsóknir:

Hljóðfærakynningar gengu vel og voru allir grunnskólar sýslunnar heimsóttir.

Próf – tölfræði:

15 nemendur tóku próf: 1. stig, 2. stigi og grunnpróf.

Námskeið sem kennarar hafa sótt:

Námskeið sem m.a. voru í vetur var frá jafnréttisskólanum um **staðalímyndir** un stráka og stelpur. Námskeið um innleiðingu aðgerða vegna forvarna meðal barna og ungmenna **gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreiti**.

Námskeið um **húmor, prófdómaranámskeið** og námskeið um **kennsluaðferðir** svo fátt eitt sé nefnt.

Annað: Hlökkum til næsta skólaárs.

Blokkflautudeild

Skýrsla maí 2025

Deildarstjóri: Gestur Áskelsson

Kennarar:

Kristín Jóhanna Dudziak Glúmsd.
Sylvía Rosel
Kolbrún Berglind Grétarsdóttir
Helga Sighvatsdóttir

Kennslugreinar:

Blokkflauta og Suzukiblokkfl., samspil
Suzukiblokkflauta, samspil
Samspil (til áramóta)
Blokkflauta, samspil

Samspilshópar:

Selfoss - Blokkflautusveit AB
Selfoss - Blokkflautusveit CD

Stjórnandi:

Kristín Jóh.Dudziak / Kolbrún B. Grétarsd.
Helga Sighvatsdóttir

Suzuki-blokkflautuhópar:

Selfoss – Blokkfl. Suzukisamspil 1 Sylvía Rosel
Selfoss – Blokkfl. Suzukisamspil 2 Kristín Jóhanna Dudziak Glúmsd.
Selfoss – Blokkfl. Suzukisamspil 3 Kristín Jóhanna Dudziak Glúmsd.

Tilfallandi dúettar og tríó.

Tónleikahald deildar:

Blokkflautudeildartónleikar voru haldnir í Stekkjaskóla 13.11.2024. **Jólaspil** í desember 2024: Aðventustund í Eyrarbyggjakirkju, Sólheimum, Móbergi og fyrir Rótarý. **Jólakveðja** Tónlistarskóla Árnesinga 2024, upptaka 16.12.2024. **Tónleikar í menningarhúsi Klaksvíkur** í Færeyjum 9.3.2025 – báðar blokkflautusveitir. **Miðdeildartónleikar** í Stekkjaskóla 19.3.2025. **Framhaldsdeildartónleikar** í sal skólans 20.3.2025. **Margmála ljóðakvöld** í Listasafni Árnesinga 20.3.2025. 1. maí voru haldnir **fjölskyldutónleikar** með Sinfóníuhljómsveit Suðurlands í íþróttasal Vallaskóla, með yfirskriftinni **Burtu með fordóma**. Tók mikill fjöldi nemenda þátt, þ.á.m. 17 blokkflautunemendur. Í lok apríl og byrjun maí voru haldnir **vortónleikar** um alla sýslu. **Landsþing Landsbjargar** í íþróttahúsi Vallaskóla 9.5.2025. **Framhaldsprófstónleikar** Sylvíu Rossel í Hveragerðiskirkju 13.5.2025, þar sem báðar blokkflautusveitir komu einnig fram. Vikuna 12. til 16. maí var **smiðjuvika** og óhefðbundin kennsla. Sóttu nemendur hin ýmsu námskeið og voru þau almennt mjög vel sótt. Veturinn endaði á **skólaslitum** á öllum starfsstöðvum með tilheyrandi tónlistarflutningi.

Tónleikaferðalög og heimsóknir:

Í mars héldu blokkflautusveitir skólans til Færeyja og endurguldu þar heimsókn færeyskra blokkflautunemenda frá síðast liðnu ári. Tekið var einstaklega vel á móti hópnum og frábær upplifun að fá tækifæri til að spila í nýjum og glæsilegum tónleikasal Varpsins, sem er menningarhús Klaksvíkur.

Próf – fjöldi:

Sjö stigs- og áfangapróf voru tekin í vetur: 1. stig, 2.stig, grunnpróf, 4. stig og framhaldspróf. Suzukiútskriftir úr bókum voru 4: úr sópranbók 1 fyrri hl. og úr altbókum I, II og IV.

Námskeið sem kennarar hafa sótt:

Kristín og Sylvía hafa stundað **Suzuki-kennaranám** í vetur. Kristín lauk 4. stigs Suzuki-kennaraprófi. Sylvía lauk framhaldsprófi frá skólanum í maí.

Tónlistarskólinn stóð fyrir eftirtöldum námskeiðum í vetur:

Frá jafnréttisskólanum námskeið um **staðalímyndir** un stráka og stelpur.

Námskeið um innleiðingu aðgerða vegna forvarna meðal barna og ungmenna **gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreiti**.

Námskeið um **húmor**, **prófdómaranámskeið** og námskeið um **kennsluaðferðir** svo fátt eitt sé nefnt.

Forskóladeild – hljóðfærakynningar í 2. bekk grunnskóla í Árnessýslu.

Skýrsla maí 2025

Deildarstjóri: Edit Anna Molnár

Allir nemendur í 2. bekk í grunnskólum Árnessýslu fengu fimm heimsóknir yfir veturinn.

Yfirumsjón með kynningunum var í höndum deildarstjóra hvers hljóðfærahóps. Hver þeirra hélt utan um sjö kynningarlotur í sínum hljóðfæraflokki. Til liðs við sig fengu deildarstjórar kennara úr heimasveit eða annan kennara innan deildar eftir atvikum. Grunnskólakennarar og skólastjórar fengu í upphafi vetrar senda áætlun um heimsóknartímana.

Hver tími byggðist upp á kynningu á hljóðfærunum og hljóðfæraleik. Að auki voru í hverri kynningu sungin lög.

Kynningar - Deildarstjórar - Kennarar:

Gítar/slagverk/rytmísk hljóðfæri: *Vignir Ólafsson,*

+ Stefán I. Þórhallsson.

Strokhljóðfæri: *Guðmundur Kristmundsson*

+ Guðmundur Pálsson, Ulle Hahndorf

Tréblásturshljóðfæri: *Gestur Áskelsson*

+ Helga Sighvatsdóttir, Kristín J. Dudziak, Örlygur Benediktsson, Sæbjörg Eva Hlynisdóttir

Málmbásturshljóðfæri: *Jóhann I. Stefánsson*

Píanó og söngur / upprifjunartími: *Margrét S. Stefánsdóttir og Edit A. Molnár*

Gítardeild

Skýrsla maí 2025

Deildarstjóri: Vignir Ólafsson

Kennarar:

Birgit Myschi

Kristinn Freyr Kristinsson

Luke Starkey

Kennslugreinar:

Gítar, Suzukigítar

Gítar, rafgítar, samspil

Gítar, rafgítar, samspil

Samspilshópar:

Hveragerði Gítarsamspil

Selfoss Gítarsamspil A

Selfoss Gítarsamspil B

Selfoss Suzukihópar A

Selfoss Suzukihópar B

Meðleikur með Suzukihópum

Stjórnandi:

Kristinn Freyr Kristinsson

Luke Starkey

Kristinn Freyr Kristinsson

Birgit Myschi

Birgit Myschi

Kristinn Freyr Kristinsson

Tónleikahald deildar:

Stofutónleikar Stekkjaskóla 9.10.2024

Deildartónleikar Stekkjaskóla 8.11.2024

Haustrónleikar 9.12.'24 og 11.12'24

Jólatónleikar í Stekkjaskóla 1.- 7. bekkur, 12.12.2024

Gítarspil í bókasafninu 19.12.2024

Suzuki útskrift 20.3.2025

Þematónleikar Burtu með fordóma með Sinfóníuhljómsveit Suðurlands í íþróttahúsi Vallaskóla 1.5.2025

Vortónleikar Birgitar og Kristins í sal skólans 10.4, Luks 6.5. og Kristins 7.5.2025

Skólaslit 23. maí Selfosskirkju.

Tónleikaferðalög og heimsóknir:

Móberg heimsókn 14.11.2024

Hljóðfærakynningar sem gengu vel og snurðulaust í vetur

Próf: 10 nemendur þreyttu próf, þar af tók 1 grunnpróf, 1 miðpróf og 1 6. stig.

Píanódeild

Skýrsla maí 2025

Deildarstjóri: Margrét S. Stefánsdóttir

Píanókennarar:

Björn Pálmi Pálmason
Ester Ólafsdóttir
Gestur Áskelsson
Guðrún Markúsdóttir
Daníel A. C. Jones
Guðmundur Óli Gunnarsson
Jón Bjarnason

Kolbrún Berglind Grétarsdóttir
Magnea Gunnarsdóttir
Margrét S. Stefánsdóttir
Miklós Dalmay
Svetlana O. Veshchagina
Timothy Andrew Knappett
Ulle Hahndorf

Hljómsveitir / samspilshópar (fastir og tilfallandi):

Hóptímar píanónemenda (fastir í stundaskrá) nemendur Kolbrúnar Berglindar Grétarsdóttur.
Suzukisamspil píanónemenda
Tilfallandi samspil píanónemenda

Tónleikahald deildar:

Píanódeildartónleikar voru haldnir í nóvember í Hátíðarsal Stekkjaskóla.

Mið og framhaldsdeildartónleikar í mars, píanóhringekjutónleikar í apríl.

1. maí stórir sameiginlegir tónleikar allra deilda skólans „**Burtu með fordóma**“ í samvinnu með Sinfóníuhljómsveit Suðurlands. Þar komu píanónemendur fram og spiluðu með í hljómsveitinni. Einnig **haust og vortónleikar**.

Skólaslit voru á kennslustöðum þar sem píanónemendur komu fram.

Tónleikaferðalög og heimsóknir: Píanónemendur fóru „út í bæ“ og spiluðu meðal annars á **öldrunarheimilum** í nærumhverfi sínu og reynt var að bregðast við óskum um tónlistaratriði eftir bestu getu. Einnig spiluðu píanó-Suzukinemendur í **Tónastöðinni** í Reykjavík.

Próf – fjöldi áfangaprófa: 39 próf tekin á síðasta skólaári: 1. stig, 2. stig, grunnpróf og miðpróf.

Námskeið sem kennarar hafa sótt:

Endurmenntun á vegum Tónlistarskóla Árnesinga. M.a. námskeið frá Jafnréttisskólanum um **staðalímyndir** stráka og stelpna. Námskeið um innleiðingu aðgerða vegna forvarna meðal barna og ungmenna **gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni**. Námskeið um **húmor**, sembalnámskeið og prófdómaranámskeið

Guðrún Markúsdóttir, Kolbrún Berglind Grétarsdóttir og Magnes Gunnarsdóttir fóru á **Suzukinámskeið** í Bryanstone haust 2024.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs:

Rætt var að koma á píanóhóptímum á næsta skólaári. Kolbrún Berglind Grétarsdóttir hefur verið með slíka tíma síðastliðið skólaár sem hafa tekist vel. Hún var með kynningu á þessu verkefni og stefnt er á að fleiri bjóði upp á slíka tíma á næsta skólaári.

Haldið verður upp á 70 ára afmæli skólans næsta hausts með afmælistónleikum. Byrjað er að undirbúa píanósamspilsverkefni sem verður flutt þar.

Rytmísk deild

Skýrsla maí 2025

Deildarstjóri: Vignir Ólafsson

Kennarar:

Daniel Cassidy
Dáníel Alexander Cathcart Jones
Kristinn Freyr Kristinsson
Luke Starkey
Sigurgeir Skafti Flosason
Stefán I. Þórhallsson
Skúli Gíslason
Vignir Ólafsson

Kennslugreinar:

Fiðla, gítar og rafbassi
Píanó, hljómborð og samspil
Rafgítar
Rafgítar
Rafbassi
Slagverk og trommur og samspil
Trommur, slagverk
Rafgítar, rafbassi og samspil

Samspilshópar:

Selfoss Rytmísk samspil A
Selfoss Rytmísk samspil C
Selfoss Slagverkssamspil G og M

Stjórnandi:

Dáníel Alexander Cathcart Jones
Vignir Ólafsson
Stefán I. Þórhallsson

Tónleikahald deildar:

Deildartónleikar Selfoss 8.12.2024 í hátíðarsal Stekkjaskóla
Hausttónleikar Selfoss 6.12.2024 í Suzukisal Stekkjaskóla
Jólatónleikar Selfoss 12.12.2024 í Stekkjaskóla í 6. og 7. bekk
Jólaball Sunnulækjar-, Stekkja- og Vallaskóla 19.12. og 20.12.2024
Kvöldmessa með Disneyþema 9.2.2025 í Selfosskirkju
Vortónleikar Vignis í Suzukisal Stekkjaskóla 11.4.2025, Daniel Cassidy í sal skólans 29.4, Dáníels Jones í Þorlákshöfn 14.05
+20 tónleikar 9.5.2025 í sal tónlistarskólans.
Skólaslit Selfosskirkju 23.5.2025

Tónleikaferðalög og heimsóknir:

Vinaminni Selfoss heimsókn 20.11.2024
Álfheimar leikskóli Selfoss heimsókn 11.12.2024
Hljóðfærakynningar gengu vel að venju og setti veður ekki strik í reikninginn í þetta skiptið

Próf – fjöldi áfangaprófa: 9 nemendur tóku próf, þar af 1 nemandi sem tók grunnpróf í rafgítarleik

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs: Styðja við starfsmenn skólans varðandi rafrænt umhverfi, fjarkennslu, upptökur og streymi.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir: Það vantar tilfinnanlega samspilsrými fyrir rytmísk samspil þar sem hægt er að spila án þess að trufla aðra kennslu. Deildin á tæki sem bjóða upp á hljóðlátt samspil, en það þarf að tengja og setja upp í hvert skipti og nemendur eru mishrífir af að spila með heyrnartól og finnst það stundum heftandi.

Annað: Halda áfram að efla tengsl og samvinnu á milli deilda skólans. Samvinna er það sem skilar mestum árangri.

Strengjadeild

Skýrsla maí 2025

Deildarstjóri: Guðmundur Kristmundsson

Kennarar:

Guðmundur Kristmundsson
Guðmundur Pálsson
María Weiss
Uelle Hahndorf

Kennslugreinar:

Fiðla, víóla
Fiðla, víóla
Fiðla
Selló

Hljómsveitir og samspilshópar:

Hveragerði-samspil
Selfoss - strengjasveit AB
Selfoss - strengjasveit CD

Stjórnandi:

Guðmundur Kristmundsson
Guðmundur Pálsson
Uelle Hahndorf

Tónleikahald deildar:

Deildartónleikar 7. nóv. 2024

Strengjasveit AB á **Jólaballi** Suzukideildar í Sunnulækjarskóla 4. des. 2024
Strengjapáttaka í **Jólatónleikum** Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands í Skálholti í des. 2024
Strengjapáttaka á **Mið- og Framhaldsdeildartónleikum** í mars 2025
Þáttaka í **Fordómaverkefni** Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands 1. maí 2025.

Tónleikaferðalög og heimsóknir:

Þáttaka 5 fiðlunemenda í **Ungsveit SÍ**

Strengjanemendur á **opnu húsi í Grunnskólanum í Hveragerði** og í Stekkjaskóla
Strengjanemendur á **Minningartónleikaum** 19. nóv. 2024 í Hveragerðiskirkju
Nemendur léku við **skólaslit** Tónlistarskólans og einstaka **Grunnskóla** auk þess tóku nokkrir nemendur þátt í **hljóðfærakynningum** Tónlistarskólans í grunnskólum og í heimsóknum í leikskóla og á stofnanir, t.d. **Vinaminni** og **Árbliki** á Selfossi og **Ási** í Hveragerði, einnig í **upplestrarkeppnum** víðsvegar í sýslunni.
Nemendur komu einnig fram ýmist einir eða í hópum við ýmsar aðrar **athafnir félagasamtaka** í sýslunni.

Próf – fjöldi áfangaprófa: 18 próf (1. 2. G, 4. og 6. stig) Fiðla, víóla og selló

Námskeið sem kennarar hafa sótt: (Sjá Suzuki-skýrslu)

Nýjungar á skólaárinu (kennsluhættir, kennslubækur og gögn) og mat á þeim:

